

Sent til Mbl.is: 25.7.2020
Birt í Mbl: 28.7.2020
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Athugasemdir við grein iðnaðarráðherra

Eftir Skúla Jóhannsson

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, ritar grein í Morgunblaðið sunnudaginn 26.7. 2020 í greinaflokknum „Úr ólíkum áttum“ og er greinin með fyrirsögninni „Staða Rio Tinto og ISAL“.

Í lok greinar sinni skrifar ráðherrann:

- (1) „Ástæða er til að ætla að umhverfisvænar orkulindir Íslands verði áfram eftirsóttar.
- (2) Við viljum bjóða upp á samkeppnishæft umhverfi en við gerum að sjálfsögðu líka kröfu um að sala á orkuafurðum úr sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar sé arðbær.
- (3) Við erum nýbúin að ganga í gegnum langvinna umræðu um þriðja orkupakkann sem snerist að miklu leyti um nauðsyn þess að standa vörð um sameiginlegar orkuauðlindir okkar. Af þeirri umræðu hlýtur að leiða að talað sé gegn því að við setjum þær á útsölu.“

Vil ég gera þessi ummæli hennar að umræðuefni hér og í sömu röð.

- (1) Í stöðugt breyttum heimi er sú hugsun orðin gamaldags að allir öfundi okkur af endurnýjanlegri náttúruorku til raforkuframleiðslu. Framleiðsla vind-, sólar-, vatnaflsog líforkustöðva í Evrópu á fyrra árhelmingi 2020 var komin yfir 40% af heildarframleiðslu. M.a. af þessum sökum hefur raforkuverð hríðfallið um alla álfuna, raforkunotendum til góðs. Svo eru möguleikar okkar hér á landi til framleiðslu á raforku með vatnsafli mikið til upp urnir og einnig er búið er að takmarka verulega sókn í háhitasvæðin vegna náttúruverndar.
- (2) Með raforkulögum frá 2003 og aðild okkar að orkupökkum EBS höfum við skuldbundið okkur til að stunda markaðsviðskipti með raforku. Með því getum við ekki virkjað eins og óðir værum og heimtað síðan sama eða jafnvel hærra raforkuverð en áður. Það er og hefur verið undanfarin ár umframgeta í raforkukerfinu, en þar er Landsvirkjun ráðandi aðili. Hætta er á að umframgetan fari vaxandi á næstunni vegna slæmrar stöðu hjá hinum stærri viðskiptavinum Landsvirkjunar og þeir dragi þess vegna úr framleiðslu sinni. Þar spilar inn lægra afurðaverð stóriðju og fallandi raforkuverð um allan heim og þá sérstaklega í Noregi, sem við berum okkur oft saman við.
- (3) Hugmyndin með orkupökkunum margumræddu er að raforkumarkaður stjórnar verðlagi orkunnar sem aftur hefur áhrif á uppbyggingu framleiðanda t.d. með að hægja á framkvæmdum eða þá herða á þegar þörf er. Á svona markaði verður að gera ráð fyrir sveiflum í raforkuverði, bæði upp og niður. Ef raforkuframleiðandi eykur framleiðslugetu sína úr hófi verður hann kannski að setja raforkuna tímabundið á útsölu. Í Noregi hefur verið útsala á raforku sem af er þessu ári 2020, sem stafar aðallega af öflugum raforkukerfi og góðri stöðu vatnsbúskapar en magnaðist upp af völdum Covid-19. Ráðherranum getur varla verið alvara með að halda því fram að aukakostnaði við óþarflega mikla uppbyggingu í

raforkukerfinu sé bara varpað yfir á raforkunotendur, t.d. með gjaldskrárhækkunum. Þannig sjálftaka ætti að heyra sögunni til. Hver var að tala um Þjóðarsjóð?

Ráðherranum getur varla verið alvara með að halda því fram að aukakostnaði við of mikla uppbyggingu í raforkukerfinu sé varpað yfir á raforkunotendur.

Höfundur er verkfræðingur
skuli@veldi.is